

Brjóstverkur (angina)
getur komið fram við:

- kulda
- líkamlega áreynslu
- andlega áreynslu
- stórar máltíðir

Sími hjartadeildar 14E
er: 543 6410

Tungurótartöflur upplýsingarit

LYFLÆKNINGASVIÐ I
HJARTAEILD 14E
SEPTEMBER 2003

HÖFUNDUR:
INGA VALBORG ÓLAFSDÓTTIR,
HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

RÁÐGJÓF OG YFIRLESTUR:
ÁSLAUG ÞÓRA KARLSDÓTTIR
OG GUÐMUNDUR ODDSON

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
HÖNNUN & LÍÓSMYND: GAGNASMIÐJA/AV



Hvernig virka tungurótartöflur

við hjartaverk?

Brjóstverkur er merki um ófullnægjandi súrefnisflæði um hjartavöðvann. Nítróglýcerín tungurótartöflur hafa þau áhrif að efnið víkkar út æðar líkamanns og þar með kransæðarnar. Við það eykst blóðflæðið um kransæðarnar og þar með flæði súrefnis.

Hvenær má nota Nítróglýcerín

tungurótartöflur (sprengitöflur)?

Við brjóstverk frá hjarta (angina pectoris). Látið eina töflu undir tungu. Taflan bráðnar á 1 - 5 mín. og verkurinn hverfur. Ef verkurinn hverfur ekki eftir þessar 5 mín. látið þá aðra töflu undir tungu. Það má láta þriðju töfluna undir tungu ef verkurinn er enn til staðar eftir tvær töflur og hafa samband við lækni. Hver tafla verkar í u.þ.b. 30 mínútur.

Nítróglýcerín tungurótartöflur má einnig nota með fyrirbyggjandi hætti. Ef þér hættir til að fá brjóstverk við ákveðna athöfn, t.d. þegar þú ferð út að ganga, getur þú látið eina töflu undir tunguna 2-3 mín. áður en þú leggur af stað.

Notkun

Nítróglýcerín tungurótartöflur verka aðeins ef þær eru settar undir tungu. Þær hafa engin áhrif ef þær eru gleyptar. Það getur verið gott að bleyta munninn aðeins áður en tafla er sett undir tunguna, þá leysist hún fyrr upp (en ekki nauðsynlegt).

Meðan þú ert að venjast því að nota töflurnar getur verið gott að setjast niður þegar þú tekur töflu, vegna lækkunar á blóðþrýstingi sem verður stundum vart í fyrstu.

Þar sem brjóstverkur kemur gjarnan þegar fólk er á hreyfingu er ráðlagt að hafa töflurnar avallt við hendina, t.d. í vasa eða veski.

Mögulegar aukaverkanir

- Hiti í andliti
- Höfuðverkur
- Svimi

Athugið að ef áfengis hefur verið neytt fyrir inntöku getur blóðþrýstingur fallið meira en vant er.

Ekki finna allir fyrir aukaverkunum auk þess sem þær hverfa jafn fljótt og taflan hættir að verka. Með tímanum verða flestir ónæmir fyrir þessum aukaverkunum.

Kaup og geymsla

Nítróglýcerín tungurótartöflur eru framleiddar í tveimur styrkleikum: 0,25 mg og 0,50 mg. 28 töflur eru í hverju glasi. Þær fást án lyfseðlis í apótekum.

Töflurnar eru hvarfgjarnar og skemmast við ljós, hita og hnjask. Þær geymast því best í glasinu á köldum og dimmum stað. Þær geymast í 6 mánuði eftir að glasið hefur verið opnað. Ekki er víst að þær endist meira en í 1-2 mánuði í jakkavasa eða veski. Gott ráð er að hafa nokkrar töflur í lyfjaglassi sem þú berð ávallt á þér og skipta þeim út fyrir nýjar reglulega t.d. á 1-2 mánaða fresti, en geyma hinar á köldum og dimmum stað. Þannig getur þú verið vissum að þú ert með töflur sem virka á þér þegar þú þarft á þeim að halda.

Gangi þér vel.